

Stapi lífeyrissjóður

Ársreikningur 2025

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Tryggingadeild	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	12
Efnahagsreikningur	13
Yfirlit um sjóðstreymi	14
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu	15
Séreignardeild	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	16
Efnahagsreikningur	17
Yfirlit um sjóðstreymi	18
Tilgreind séreignardeild	
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar	22
Óendurskoðað yfirlit	
Ófjárhagslegar upplýsingar	40
Stjórnarháttayfirlýsing	45

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Stapa lífeyrissjóðs

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Stapa lífeyrissjóðs („sjóðurinn“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á ársfundi sjóðsins þann 30. júní 2020 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilþættir endurskoðun frh.:

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat fjárfestinga Bókfært verð fjárfestinga nam 449 ma. kr. eða 97,0% af heildareignum þann 31. desember 2025 (2024: 419 ma. kr.). Vísað er til skýringa 2 og 10 – 12 um fjárfestingar. Meðal fjárfestinga eru hlutabréf, hlutdeildarskírteini og skuldabréf. Sjóðurinn setur sér fjárfestingarstefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og vikmörk einstakra eignaflokka. Fjárfestingarnar eru ýmist færðar á gangvirði, upphaflegri kaupkröfu eða samkvæmt virðisaðferð, þar sem breytur byggja á markaðsupplýsingum og ytri gögnum. Vegna umfangs og mikilvægis fjárfestinga og að hluti þeirra er færður á ytra matsvirði þá er mat þeirra lykilþáttur í endurskoðuninni.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta matsvirði fjárfestinga. Í þeirri vinnu fólst meðal annars: * Aflað var upplýsinga um fjárfestingarferilinn og aðferðafræði og forsendur við mat eigna. * Gengi var staðfest með staðfestingum frá vörsluaðilum eða með upplýsingum úr gagnaveitum. * Metnar voru aðferðir og útreikningur sjóðsins á óskráðum fjárfestingum. * Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi okkar á verðmæti úrtaks skuldabréfa sem færð eru á gangvirði eða haldið til gjalddaga. * Skýringar í ársreikningi vegna fjárfestinga voru yfirfarnar, þar á meðal stigskipting gangvirðis.
Mat á lífeyrisskuldbindingu Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar nam 734 ma. kr. í árslok 2025 (2024: 686 ma. kr.). Endurmetnar eignir umfram skuldbindingar tryggingadeildar sjóðsins námu 30 ma. kr. í árslok 2025 eða 4,1% af skuldbindingu (2024: 30 ma. kr. eða 4,4%). Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 14. Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir á forsendum sem gefnar hafa verið út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og samþykktar af Fjármálaráðuneyti. Vegna mikilvægis tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins er lífeyrisskuldbinding lykilatriði í endurskoðuninni.	Endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum: * Við lögðum mat á óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings. * Aflað var upplýsinga um verklag við útreikninga tryggingastærðfræðings. * Farið var yfir verklag sjóðsins við endurútreikning tryggingafræðilegrar skuldbindingar og tryggingafræðilegt endurmat verðbréfa. * Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum. * Við yfirforum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 14 í ársreikningi og staðfestum að framsetning væri í samræmi við reglur. * Við framkvæmdum endurútreikning á úrtaki á tryggingafræðilegu endurmati verðbréfa.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 16. mars 2026

KPMG ehf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

Stapi lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur starfsleyfi frá Fjármálaráðuneytinu í samræmi við 52. gr. þeirra laga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: tryggingadeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild.

Stjórn gerir ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á næstu árum.

Ávöxtun og eignir

Afkoma eignasafns sjóðsins á árinu 2025 var öllu lakari en á fyrra ári og undir langtímamarkmiðum sjóðsins. Innanlands einkenndist árið af hóflegri lækkun vaxta samhliða þrálátri verðbólgu. Sú þróun hafði almennt jákvæð áhrif á ávöxtun innlendra skuldabréfa sjóðsins sem skiluðu 8-9% nafnávöxtun á árinu. Ávöxtun innlendra hlutabréfa reyndist hins vegar brokkgeng þar sem verulegur munur var á ávöxtun hlutabréfa einstakra félaga, en í heild skilaði eignaflokkurinn neikvæðu framlagi á árinu. Erlend hlutabréf, stærsti eignaflokkur sjóðsins, skiluðu ágætri ávöxtun þrátt fyrir mikla veikingu Bandaríkjadals á árinu. Aðrir erlendir eignaflokkar skiluðu lakari ávöxtun.

Hrein eign tryggingadeildar til greiðslu lífeyris nam 450.370 m.kr. og hækkaði um 7,3% frá fyrra ári. Nafnávöxtun deildarinnar var jákvæð um 5,6% og raunávöxtun nam 1,8%. Meðalraunávöxtun tryggingadeildar undanfarin 10 ár nemur 3%.

Hrein eign séreignardeildar var 10.397 m.kr. og hækkaði um 7,2% frá fyrra ári. Séreignardeildin býður upp á þrjú ávöxtunarsöfn, Innlána safnið, Varfærna safnið og Áræðna safnið og nam hrein raunávöxtun safnanna 1,3%, 2% og 1,8% á árinu.

Hrein eign tilgreindrar séreignardeildar nam 1.314 m.kr. í lok árs og nam hrein raunávöxtun 1,5% á árinu.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Á árinu 2025 greiddu 22.852 sjóðfélagar hjá 4.067 launagreiðendum iðgjöld til tryggingadeildar sjóðsins. Iðgjöld ársins námu alls 21.497 m.kr. Iðgjöld til tryggingadeildar voru kr. 19.866 m.kr. og hækkuðu um 5,8% frá fyrra ár en iðgjöld til séreignardeildar hækkuðu um 10,4% milli ára og voru 567 m.kr. Þá námu iðgjöld tilgreindrar séreignardeildar 1.064 m.kr. á árinu. Fjöldi virkra sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 16.887 hjá tryggingadeild, 976 hjá séreignardeild og 484 hjá tilgreindri séreignardeild.

Lífeyrisréttindi

Órskurðuð réttindi í réttindakerfi Stapa þróast að mestu í takti við breytingu á eignavísitölu sjóðsins. Því munu breytingar á eignaverði hafa minni áhrif á getu sjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar en ella. Mat á skuldbindingum sjóðsins byggir á spá um lífslíkur sjóðfélaga, sem felur í sér mikla óvissu. Meðalævilengd Íslendinga hefur verið að lengjast og er óvarlegt annað en að búast við að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Miðað við óbreyttan lífeyrisaldur og -réttindi hefði slík þróun neikvæð áhrif á getu sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum til lengri tíma þar sem sjóðfélagar njóta við þær aðstæður að jafnaði greiðslna í lengri tíma en útreikningar gerðu ráð fyrir. Því er nauðsynlegt að réttindakerfi sjóðsins byggji á uppfærðum og framsýnum lýðfræðilegum forsendum.

Lífeyrisgreiðslur

Heildarlífeyrisgreiðslur tryggingadeildar sjóðsins á árinu námu 13.226 m.kr. og hækkuðu um 10,5% frá fyrra ári. Eftirlaunagreiðslur námu 9.792 m.kr. örorkulífeyrir nam 2.949 m.kr., makalífeyrir nam 411 m.kr. og barnalífeyrir 74 m.kr. Þá námu lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild 282 m.kr. og í tilgreindri séreignardeild 40 m.kr. Lífeyrisþegar í árslok voru 13.466 í tryggingadeild.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2025 var 690 m.kr. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,1%. Stöðugildi á árinu voru 20,9 og námu launagreiðslur 351 m.kr.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið gerð á stöðu tryggingadeildar sjóðsins í árslok 2025. Tryggingafræðileg afkoma ársins var neikvæð um 303 m.kr. og var tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð í árslok um 30.005 m.kr. eða 4,1% af skuldbindingum sjóðsins.

Neikvæða tryggingafræðilega afkomu má að stærstu leyti rekja til ávöxtunar eigna sjóðsins á árinu sem var nokkuð lægri en 3,5% raunávöxtunarmarkmið sjóðsins. Þá lækkaði tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfá eignar sjóðsins um 2.695 m.kr. frá fyrra ári sem hafði neikvæð áhrif á tryggingafræðilega afkomu. Engar breytingar voru gerðar á forsendum tryggingafræðilegrar úttektar frá fyrra ári.

Áfallin staða sjóðsins er jákvæð sem nemur 5,1% og framtíðarstaðan um 2,7%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því í heild jákvæð um 4,1%.

Stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir eru forsenda þess að starfsemi Stapa lífeyrissjóðs sé árangursrík og að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Með góðum stjórnarháttum vill sjóðurinn leggja grunn að vönduðum og faglegum vinnubrögðum og góðum og uppbyggilegum samskiptum. Þannig er stuðlað að trausti í samskiptum stjórnenda og starfsmanna við sjóðfélaga, launagreiðendur, viðskiptamenn og aðra þá sem samskipti eiga við sjóðinn. Hluti af góðum stjórnarháttum er að stefna að því að þjónusta sjóðsins sé ávallt til fyrirmyndar, hann ráði yfir öflugri upplýsingatækni og stuðli að gagnsæi í starfsemi sinni með því að veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar.

Stjórnháttayfirlýsing Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2025 byggist á lögum og reglum sem um sjóðinn gilda þegar á ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er einkum horft til ákvæða laga nr. 3/2006 sem snúa að upplýsingagjöf eininga tengdum almannahagsmunum, laga nr. 129/1997 er varðar stjórnarhætti og reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 335/2015 er varðar stjórnarháttayfirlýsingu. Þá fylgir sjóðurinn 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins árið 2021 að svo miklu leyti sem þær eiga við um starfsemi lífeyrissjóða.

Vísað er í viðauka með ársreikningi varðandi stjórnarháttayfirlýsingu sjóðsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stapi lífeyrissjóður telst til eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga og getur því í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í samræmi við gr. 66. d sömu laga. Jafnframt er gert grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig sjóðurinn spornar við spillingar- og mútumálum.

Stjórn og starfsmenn Stapa eru vörsluaðilar lífeyrissparnaðar sjóðfélaga og ber sem slíkum að standa vörð um hagsmuni þeirra og hafa þá að leiðarljósi í störfum sínum. Í því er m.a. fólgin sú krafa að sjóðurinn stuðli að því að bestu faglegu viðmið um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja séu í heiðri höfð hjá þeim fyrirtækjum þar sem sjóðurinn fjárfestir eða felur eignastýringu fyrir hönd sjóðsins.

Áhrif og ábyrgð sjóðsins í samfélagsmálum birtist í tveimur meginþáttum í starfsemi hans. Annars vegar er um að ræða ábyrgð sjóðsins á að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri og hins vegar í fjárfestingarstarfsemi hans.

Hlutverki sínu við að greiða sjóðfélögum lífeyri sinnir sjóðurinn skv. samþykktum sjóðsins, siðareglum og öðrum skjalfestum reglum sjóðsins. Sjóðurinn hefur sett sér persónuverndarstefnu og persónuverndarfulltrúi starfar hjá sjóðnum.

Í tilviki fjárfestingarstarfsemi sjóðsins tilgreinir árleg fjárfestingarstefna sjóðsins markmið og afmarkanir fjárfestingarstefnu. Auk þess fjallar fjárfestingarstefna sjóðsins um siðferðisleg viðmið við fjárfestingar sjóðsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Þá starfar sjóðurinn samkvæmt hluthafastefnu sjóðsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem tilgreina viðmið og væntingar sjóðsins til fyrirtækja í eignsafni hans og eignastýranda.

Stapi lífeyrissjóður var stofnaðili að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu og umræðu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Sjóðurinn er ekki aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN Principles for Responsible Investments) en notar m.a. slíkar reglur til að meta erlenda eignastýrendur m.t.t. samfélagslegra þátta. Sjóðurinn skimar nýfjárfestingar m.t.t. aðildar að UN PRI, greinir og mælir árangur í eignasafni sjóðsins m.t.t. UN PRI. Nær allir erlendir eignastýrendur sem stýra eignum fyrir sjóðinn eru undirritunarðilar að UN PRI.

Sem fjárfestir ætlast sjóðurinn til að fyrirtæki sem sjóðurinn á eignarhlut í fari að lögum og reglum um umhverfismál og geri sér grein fyrir, stýri og eftir föngum dragi úr þeim áhrifum sem viðkomandi starfsemi hefur á umhverfið. Árið 2021 gerðist sjóðurinn aðili að Climate Investment Coalition (CIC) sem er samstarf á sviði fjárfestinga í grænum eignum. Í tengslum við aðild að samkomulaginu hefur sjóðurinn sett sér markmið um að grænar eignir verði 7% af eignasafni sjóðsins árið 2030. Stapi greinir því og mælir hlutfall grænna eigna í eignasafni sjóðsins hverju sinni. Hlutfall grænna eigna mældist í árslok 5%.

Vísað er í nánari umfjöllun um ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi þessum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Akureyri, 16. mars 2026

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld	2		
Iðgjöld sjóðfélaga		5.744.184	5.362.771
Iðgjöld launagreiðenda		15.753.132	14.753.807
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(1.002.557)	(763.057)
		<u>20.494.759</u>	<u>19.353.522</u>
Sérstök aukaframlög	3	657.048	742.475
		<u>21.151.806</u>	<u>20.095.998</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	13.548.053	12.243.489
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		130.239	121.763
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	7.163	7.284
Eftirlaun frá Tryggingastofnun		0	(342)
		<u>13.685.456</u>	<u>12.372.194</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	10.834.223	30.849.840
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	13.833.929	13.091.198
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		12.154	16.703
Vaxtatekjur af handbæru fé		134.101	250.916
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		50.340	51.305
Ýmsar fjárfestingartekjur		29.476	0
Fjárfestingargjöld	8	(113.650)	(86.879)
		<u>24.780.573</u>	<u>44.173.084</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	690.103	610.272
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		31.556.820	51.286.616
Hrein eign í ársbyrjun		<u>430.524.302</u>	<u>379.237.685</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u><u>462.081.122</u></u>	<u><u>430.524.301</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10	259.788.225	251.750.555
Skuldabréf	11	188.562.462	167.493.173
Bundnar bankainnstæður		168.980	206.044
		<u>448.519.667</u>	<u>419.449.772</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		2.175.871	2.030.696
Aðrar kröfur		45.884	2.191.028
		<u>2.221.756</u>	<u>4.221.724</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	234.460	271.589
		<u>11.248.774</u>	<u>6.975.870</u>
Eignir samtals		<u><u>462.224.657</u></u>	<u><u>430.918.956</u></u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir		143.536	394.655
Skuldir samtals		<u>143.536</u>	<u>394.655</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>462.081.122</u></u>	<u><u>430.524.301</u></u>
Skuldbindingar utan efnahags	15		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	2025	2024
Inngreiðslur		
Iðgjöld	21.011.584	19.985.451
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	225.201	249.505
Aðrar inngreiðslur	2.143.136	306
	<u>23.379.921</u>	<u>20.235.261</u>
Útgreiðslur		
Lífeyrir	13.685.456	12.372.194
Rekstrarkostnaður	684.105	601.059
Aðrar útgreiðslur	367.713	1.156.175
	<u>14.737.275</u>	<u>14.129.428</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	<u>8.642.647</u>	<u>6.105.834</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	2.033.924	1.605.082
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(24.290.027)	(33.669.740)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	25.066.544	33.931.861
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	16.777.646	15.113.357
Keypt skuldabréf	(56.154.113)	(26.718.845)
Seld skuldabréf	32.158.349	5.558.255
Endurgreidd bundin innlán	49.219	40.252
Seldar aðrar fjárfestingar	29.476	0
	<u>(4.328.982)</u>	<u>(4.139.778)</u>
Hækkun á handbæru fé	<u>4.313.665</u>	<u>1.966.056</u>
Gengismunur af handbæru fé	<u>(40.760)</u>	<u>52.717</u>
Handbært fé í ársbyrjun	<u>6.975.871</u>	<u>4.957.097</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>11.248.775</u></u>	<u><u>6.975.870</u></u>

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

Tryggingadeild

	Skýr. 2	2025	2024
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.405.346	5.059.889
Iðgjöld launagreiðenda		14.460.336	13.724.974
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(29.704)	(19.049)
		<u>19.835.978</u>	<u>18.765.814</u>
Sérstök aukaframlög	3	657.048	742.475
		<u>20.493.025</u>	<u>19.508.289</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	13.226.113	11.973.401
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		130.239	121.763
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	5	7.163	7.284
Eftirlaun frá Tryggingastofnun		0	(342)
		<u>13.363.515</u>	<u>12.102.106</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	10.487.331	29.851.058
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	13.550.812	12.828.225
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		12.154	16.703
Vaxtatekjur af handbæru fé		103.803	214.621
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		48.125	49.452
Ýmsar fjárfestingartekjur		29.476	0
Fjárfestingargjöld	8	(113.211)	(86.148)
		<u>24.118.491</u>	<u>42.873.912</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	638.114	562.691
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		30.609.887	49.717.404
Hrein eign í ársbyrjun		419.760.099	370.042.695
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u><u>450.369.987</u></u>	<u><u>419.760.099</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Tryggingadeild

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10	252.622.707	245.049.521
Skuldabréf	11	184.815.897	164.211.250
Bundnar bankainnstæður		168.980	206.044
		<u>437.607.583</u>	<u>409.466.816</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		1.948.297	1.815.391
Aðrar kröfur		45.704	2.140.013
		<u>1.994.001</u>	<u>3.955.405</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	<u>234.460</u>	<u>271.589</u>
Handbært fé		<u>10.663.626</u>	<u>6.448.202</u>
Eignir samtals		<u><u>450.499.670</u></u>	<u><u>420.142.011</u></u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir		<u>129.683</u>	<u>381.912</u>
Skuldir samtals		<u>129.683</u>	<u>381.912</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>450.369.987</u></u>	<u><u>419.760.099</u></u>
Skuldbindingar utan efnahags	15		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Tryggingadeild

	Skýr.	2025	2024
Inngreiðslur			
Iðgjöld		20.360.120	19.448.200
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		197.280	212.088
Aðrar inngreiðslur		2.142.984	0
		<u>22.700.384</u>	<u>19.660.288</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		13.363.515	12.102.106
Rekstrarkostnaður		632.115	553.478
Aðrar útgreiðslur		414.114	1.111.086
		<u>14.409.745</u>	<u>13.766.670</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>8.290.639</u>	<u>5.893.618</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		1.974.876	1.569.269
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(23.481.733)	(32.621.403)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		24.434.890	33.188.390
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		16.452.406	14.794.264
Keypt skuldabréf		(54.715.745)	(26.486.343)
Seld skuldabréf		31.226.747	5.538.804
Endurgreidd bundin innlán		49.219	40.252
Seldar aðrar fjárfestingar		29.476	0
		<u>(4.029.864)</u>	<u>(3.976.767)</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>4.260.775</u>	<u>1.916.851</u>
Gengismunur af handbæru fé		<u>(45.351)</u>	<u>51.985</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>6.448.202</u>	<u>4.479.366</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>10.663.626</u></u>	<u><u>6.448.202</u></u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2025

Tryggingafræðileg staða 2025

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	450.369.987	0	450.369.987
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	(800.429)	0	(800.429)
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	314.615.245	314.615.245
Eignir samtals.....	449.569.558	314.615.245	764.184.803

Skuldbindingar

Eftirlaun.....	360.662.001	244.419.600	605.081.602
Örorkulífeyrir.....	47.642.105	44.557.957	92.200.062
Makalífeyrir.....	13.268.827	6.671.356	19.940.183
Barnalífeyrir.....	253.506	2.270.248	2.523.754
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....	5.886.288	8.547.483	14.433.771
Skuldbindingar samtals.....	427.712.728	306.466.644	734.179.372

Eignir umfram skuldbindingar.....	21.856.830	8.148.601	30.005.431
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	5,11%	2,66%	4,09%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	6,03%	2,20%	4,42%

Tryggingafræðileg staða 2024

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	419.761.032	0	419.761.032
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa.....	1.894.604	0	1.894.604
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	294.253.209	294.253.209
Eignir samtals.....	421.655.637	294.253.209	715.908.846

Skuldbindingar

Eftirlaun.....	335.548.584	229.462.527	565.011.111
Örorkulífeyrir.....	43.801.214	41.857.575	85.658.789
Makalífeyrir.....	12.497.637	6.312.204	18.809.841
Barnalífeyrir.....	267.801	2.171.950	2.439.751
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar.....	5.552.259	8.128.518	13.680.777
Skuldbindingar samtals.....	397.667.495	287.932.773	685.600.268

Eignir umfram skuldbindingar.....	23.988.142	6.320.436	30.308.578
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok.....	6,03%	2,20%	4,42%
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun.....	4,63%	-0,20%	2,53%

Deildaskipt yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

Séreignardeild

	Varfærna safnið	Áræðna safnið	Innlána safnið	Samtals 2025	Samtals 2024
Iðgjöld					
Iðgjöld sjóðfélaga	75.196	236.299	27.344	338.839	302.882
Iðgjöld launagreiðenda	46.803	160.044	21.707	228.554	210.974
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(19.163)	(119.487)	81	(138.568)	(146.099)
	102.837	276.856	49.131	428.824	367.756
Lífeyrir					
Heildarfjárhæð lífeyris	125.404	144.974	11.603	281.980	242.573
Hreinar fjárfestingartekjur					
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	71.600	234.052	0	305.652	921.108
Hreinar tekjur af skuldabréfum	93.467	167.874	0	261.342	245.766
Vaxtatekjur af handbæru fé	2.690	9.364	17.688	29.742	34.318
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum	83	296	57	436	304
Fjárfestingargjöld	(386)	60	0	(326)	(712)
	167.455	411.646	17.745	596.846	1.200.785
Rekstrarkostnaður					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	13.165	33.419	502	47.086	43.700
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	131.723	510.109	54.771	696.603	1.282.268
Hrein eign í ársbyrjun	2.665.091	6.715.488	319.563	9.700.143	8.417.874
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	2.796.814	7.225.597	374.334	10.396.746	9.700.143

Deildaskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2025

Séreignardeild

				Samtals	Samtals
	Varfærna safnið	Áræðna safnið	Innlána safnið	2025	2024
Eignir					
Fjárfestingar					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	1.565.972	4.822.907	0	6.388.879	6.082.825
Skuldabréf	1.163.397	2.248.841	0	3.412.238	3.029.900
	2.729.369	7.071.749	0	9.801.117	9.112.725
Kröfur					
Kröfur á launagreiðendur	10.432	24.642	9.820	44.894	54.887
Aðrar kröfur	49	93	0	142	46.024
	10.482	24.735	9.820	45.036	100.911
Handbært fé	60.427	137.977	364.649	563.053	498.123
Eignir samtals	2.800.278	7.234.460	374.469	10.409.207	9.711.759
Skuldir					
Aðrar skuldir	3.464	8.863	134	12.461	11.616
Skuldir samtals	3.464	8.863	134	12.461	11.616
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.796.814	7.225.597	374.334	10.396.746	9.700.143

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Séreignardeild

				Samtals	Samtals
	Varfærna safnið	Áræðna safnið	Innlána safnið	2025	2024
Inngreiðslur					
Iðgjöld	97.870	292.579	48.368	438.817	369.974
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	2.059	4.734	17.745	24.537	34.070
	99.928	297.313	66.113	463.354	404.043
Útgreiðslur					
Lífeyrir	125.404	144.974	11.603	281.980	242.573
Rekstrarkostnaður	13.165	33.419	502	47.086	43.700
Aðrar útgreiðslur	(10.730)	(35.651)	(19)	(46.401)	45.089
	127.838	142.742	12.086	282.666	331.362
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	(27.910)	154.571	54.027	180.688	72.681
Fjárfestingarhreyfingar					
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	12.183	41.322	0	53.506	32.193
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(96.549)	(546.492)	0	(643.041)	(927.683)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	98.960	490.172	0	589.132	703.277
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	125.402	180.963	0	306.365	304.968
Keypt skuldabréf	(380.877)	(951.320)	0	(1.332.197)	(171.668)
Seld skuldabréf	298.297	606.540	0	904.836	19.450
	57.416	(178.815)	0	(121.399)	(39.464)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	29.506	(24.244)	54.027	59.290	33.217
Gengismunur af handbæru fé	714	4.926	0	5.641	553
Handbært fé í ársbyrjun	30.207	157.294	310.622	498.123	464.353
Handbært fé í lok árs	60.427	137.977	364.649	563.053	498.123

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris 2025

Tilgreind séreignardeild

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld	2		
Iðgjöld launagreiðenda		1.064.242	817.860
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(834.285)	(597.908)
		<u>229.957</u>	<u>219.952</u>
Lífeyrir			
Heildarfjárhæð lífeyris	4	<u>39.960</u>	<u>27.515</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	6	41.241	77.673
Hreinar tekjur af skuldabréfum	7	21.775	17.206
Vaxtatekjur af handbæru fé		556	1.977
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		1.778	1.549
Fjárfestingargjöld	8	(113)	(19)
		<u>65.236</u>	<u>98.387</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	<u>4.904</u>	<u>3.881</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		250.329	286.943
Hrein eign í ársbyrjun		1.064.059	777.116
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u><u>1.314.389</u></u>	<u><u>1.064.059</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Tilgreind séreignardeild

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	10	776.639	618.209
Skuldabréf	11	334.327	252.022
		<u>1.110.966</u>	<u>870.231</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		182.680	160.418
Aðrar kröfur		38	4.991
		<u>182.718</u>	<u>165.409</u>
Handbært fé		<u>22.096</u>	<u>29.546</u>
Eignir samtals		<u>1.315.780</u>	<u>1.065.186</u>
Skuldir			
Skuldir samtals		<u>1.392</u>	<u>1.127</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u><u>1.314.389</u></u>	<u><u>1.064.059</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Tilgreind séreignardeild

	Skýr.	2025	2024
Inngreiðslur			
Iðgjöld		212.648	167.278
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		3.384	3.347
Aðrar inngreiðslur		152	306
		<u>216.183</u>	<u>170.931</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		39.960	27.515
Rekstrarkostnaður		4.904	3.881
		<u>44.864</u>	<u>31.396</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>171.320</u>	<u>139.535</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		5.543	3.621
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(165.253)	(120.654)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		42.521	40.195
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		18.875	14.126
Keypt skuldabréf		(106.171)	(60.834)
Seld skuldabréf		26.765	0
		<u>(177.720)</u>	<u>(123.547)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		<u>(6.400)</u>	<u>15.988</u>
Gengismunur af handbæru fé		<u>(1.050)</u>	<u>179</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>29.546</u>	<u>13.379</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>22.096</u></u>	<u><u>29.546</u></u>

1. Starfsemi

Hlutverk Stapa lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn er lífeyrissjóður fyrir launafólk sem á aðild að almennum stéttarfélögum á Norður- og Austurlandi og nær starfsvæði sjóðsins frá Hrútafirði í vestri að Hornafirði í austri.

Sjóðurinn starfar samkvæmt samþykktum sem staðfestar eru af fjármálaráðuneytinu í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Í undantekningar tilfellum er víkið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar fjárhæðir undirliða teljast óverulegar og eru þær þá felldar inn í aðra undirliði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Gjaldmiðlar og vísitölur

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Evra (EUR).....	144,65	149,31	147,20	143,90
Bandaríkjadalur (USD).....	128,37	137,93	125,20	138,20
Sterlingspund (GBP).....	168,90	176,40	168,96	173,30
Sænsk króna (SEK).....	13,07	13,07	13,61	12,57
Norsk króna (NOK).....	12,35	12,85	12,45	12,21
Dönsk króna (DKK).....	19,38	20,02	19,71	19,30

Fjárhæðir

Fjárhæðir í ársreikningunum eru sýndar í þúsundum króna.

Áhættustjórnun

Lífeyrissjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu, þar sem áhætta er skilgreind og helstu áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins er lýst og hvernig stýringu á þeim er háttað. Sjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga í þeim tilgangi að verja áhættu í starfsemi hans, hvorki fjárhagslega áhættu eða lýðfræðilega.

Áhættureikningsskilum eru ekki beitt og afleiðuviðskipti ekki stunduð. Engir framvirkir gjaldeyrissektasamningar, valréttir né aðrir afleiðusamningar eru gerðir.

Gangvirðismat

Þessi skýring veitir upplýsingar um hvernig sjóðurinn ákvarðar gangvirði hinna ýmsu fjáreigna sinna.

Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspegla mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis fjármálagerninga. Stigin eru eftirfarandi:

- Stig 1:** gangvirðismatið byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir.
- Stig 2:** gangvirðismatið byggir á öðrum sannreynanlegum upplýsingum en verði á virkum markaði svo sem verði á sambærilegum eignum á virkum markaði eða öðrum markaðsupplýsingum. Matið getur byggt á upplýsingum sem eru beint sannreynanlegar fyrir eignina (t.d. nýlegt viðskiptaverð, eða kaup- eða sölutilboð) eða óbeint (t.d. afleiðdar af verðum fjármálagerninga með sambærilegan líftíma á virkum markaði).
- Stig 3:** gangvirðismatið byggir á almennt viðurkenndum matsaðferðum fyrir virði óskráðra eigna, s.s. reiknað innra virði, verðmat byggt á kennitölusamanburði, sjóðsstreymi og önnur virðislíkön. Einnig getur matið byggt á kostnaðarverði eða lægra verði hafi sjóðurinn upplýsingar sem benda til þess.

Skráning iðgjalda

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem berast sjóðnum. Iðgjöld eru flokkuð eftir því hvort þau eru greidd af sjóðfélögum sjálfum eða eru mótframlag launagreiðanda. Jafnframt eru ógreidd iðgjöld áætluð í lok árs og er áætlunin byggð á skilum iðgjalda á undanförunum árum. Ógreidd iðgjöld í lok árs eru eignfærð í efnahagsreikningi sem kröfur á launagreiðendur. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er greitt til jöfnunar á örorkubyrði á milli lífeyrissjóða og færast sem sérstök aukaframlög meðal iðgjalda.

Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur sjóðsins til sjóðfélaga og skiptast þær í eftirlaun, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri en á móti eru þar greiðslur frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Annar kostnaður sem færður er með lífeyriskostnaði er framlag í Virk starfsendurhæfingarsjóð og beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða.

2. Grundvöllur reikningsskilanna (framhald)

Fjárfestingar

Fjárfestingar sjóðsins skiptast í eignarhluta í félögum og sjóðum, skuldabréf, bundnar bankainnstæður og aðrar fjárfestingar. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf og eru þau metin á gangvirði. Gangvirðismatið er þrepaskipt sbr. upplýsingar hér að framan.

Skuldabréf eru framseljanleg skuldabréf og önnur skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf eru færð á gangvirði í árslok nema ef um er að ræða skuldabréf sem haldið er til gjalddaga og útlán til sjóðfélaga, slík skuldabréf eru færð á upphaflegri kaupkröfu í efnahagsreikningi. Sjóðurinn hefur ekki flokkað nein skuldabréf með þeim hætti að þeim skuli haldið til gjalddaga. Gangvirðismat er þrepaskipt sbr. upplýsingar hér að framan.

Bundnar bankainnstæður eru innlán í bönkum og sparisjóðum sem bundin eru til lengri tíma en 3 mánaða.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

3. Sérstök aukaframlög

	2025	2024
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði.....	657.048	742.475

4. Heildarfjárhæð lífeyris

Eftirlaunagreiðslur úr tryggingadeild.....	9.792.245	8.912.919
Örorkulífeyrir.....	2.948.908	2.630.375
Makalífeyrir.....	410.930	366.125
Barnalífeyrir.....	74.029	63.982
	13.226.113	11.973.401
Eftirlaunagreiðslur úr séreignardeild.....	274.609	239.908
Örorkulífeyrir.....	7.371	2.665
	281.980	242.573
Eftirlaunagreiðslur úr tilgreindri séreignardeild.....	39.960	27.515
	13.548.053	12.243.489

5. Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris

Úrskurðarkostnaður tryggingalækna, vottorð ofl.....	7.163	7.284
---	-------	-------

6. Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

	2025	2024
Arðgreiðslur	2.020.029	1.620.600
Hagnaður af sölu eignarhluta	5.126.390	11.318.944
Breytingar á gangvirði	3.687.804	17.910.296
	10.834.223	30.849.840
Áhrif gjaldmiðla færð meðal tekna af eignarhlutum í félögum og sjóðum	(16.484.964)	1.091.327
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig á deildir:		
Tryggingadeild	10.487.331	29.851.058
Séreignardeild	305.652	921.108
Tilgreind séreignardeild	41.241	77.673
Afkoma 20 stærstu fjárfestinga greinist þannig: *)		
Arion banki hf.	1.822.601	992.513
BlackRock Developed World Index Fund	2.432.935	4.117.665
BlackRock Global Funds - Fixed Income Global Opportunities Fund X2 USD	(97.357)	372.614
BlackRock ICS Euro Liquity Fund	136.319	(129)
Festi hf.	756.558	1.454.817
Hagar hf.	481.411	1.214.624
iShares Core MSCI World EFT	435.846	818.559
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	13.165	13.004	12.460	13.728	13.786
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	131.723	285.736	152.993	-225.407	815.269
Lífeyrisbyrði					
Lífeyrisbyrði	121,9%	126,4%	136,6%	97,3%	24,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	12,8%	13,1%	12,4%	9,3%	2,4%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna					
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	6,0%	12,1%	7,7%	-7,5%	14,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,47%	0,49%	0,48%	0,48%	0,50%

Kennitölur

	2025	2024	2023	2022	2021
Séreignardeild - Áráðna safnið					
Hrein raunávöxtun - Áráðna safnið.....	1,81%	9,22%	0,35%	-17,48%	13,30%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Áráðna safnið.....	0,85%	2,52%	3,57%	3,35%	8,52%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Áráðna safnið.....	3,30%	3,91%	3,69%	4,07%	6,72%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	68,2%	70,5%	66,8%	62,9%	61,5%
Skráð skuldabréf	31,8%	29,5%	33,2%	37,1%	38,5%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	52,3%	53,3%	54,0%	61,1%	65,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	47,7%	46,7%	46,0%	38,9%	34,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	11.609	11.469	11.360	11.232	11.090
Fjöldi lífeyrisþega	168	140	159	151	258
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	97,9%	99,0%	97,9%	97,7%	98,2%
Örorkulífeyrir	2,1%	1,0%	2,1%	2,4%	1,8%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)					
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	276.856	292.154	205.208	189.077	55.065
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	144.974	107.050	152.945	126.269	210.687
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	411.646	898.140	506.252	-614.194	1.219.953
Hækkun á hreinni eign (á föstu verðlagi)	33.419	31.838	29.116	31.268	33.841
Hækkun á hreinni eign (á föstu verðlagi)	510.109	1.051.406	529.399	-582.655	1.030.489
Lífeyrisbyrði					
Lífeyrisbyrði	52,4%	36,6%	74,5%	66,8%	382,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	12,1%	10,9%	14,2%	16,5%	61,5%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna					
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	5,8%	13,7%	8,2%	-9,1%	17,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,47%	0,48%	0,47%	0,47%	0,49%

Kennitölur

	2025	2024	2023	2022	2021
Séreignardeild - Innlána safnið					
Hrein raunávöxtun - Innlána safnið.....	1,34%	1,81%	-1,97%	-6,67%	-4,81%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Innlána safnið.....	-2,12%	-3,05%	-3,36%	-3,04%	-1,22%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Innlána safnið.....	-0,93%	-0,80%	-0,70%	-0,23%	0,71%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Skráð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
.....	93	83	64	48	47
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	214	187	175	127	118
Fjöldi lífeyrisþega	16	11	9	7	11
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	88%	100%	100%	100%	100%
Örorkulífeyrir	11,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	49.131	-10.358	54.326	10.866	-273.668
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	11.603	18.670	10.503	16.441	12.684
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	17.745	22.107	18.935	7.502	917
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	502	476	458	452	727
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	54.771	-7.398	62.301	1.474	-286.163
Lífeyrisbyrði	23,6%	-180,2%	19,3%	151,3%	-4,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	1,0%	-4,6%	0,8%	4,2%	-0,3%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	5,0%	6,4%	5,6%	2,3%	0,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,15%	0,14%	0,15%	0,14%	0,14%

Skýringar

Kennitölur

	2025	2024	2023	2022	2021
Tilgreind séreignardeild: Varfærna safnið					
Hrein raunávöxtun - Varfærna safnið.....	1,45%	5,78%	-0,91%	-15,54%	7,46%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár	-0,71%	0,65%	0,49%	-0,23%	3,09%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	69,9%	71,0%	71,1%	63,6%	60,3%
Skráð skuldabréf	30,1%	29,0%	28,9%	36,4%	39,7%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	65,3%	66,3%	66,5%	74,5%	81,7%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	34,7%	33,7%	33,5%	25,5%	18,3%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	484	457	422	394	396
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	994	763	684	699	544
Fjöldi lífeyrisþega	59	45	44	42	12
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	100%	100%	100%	100%	100%
Örorkulífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Makalífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Barnalífeyrir	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)					
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	229.957	228.096	231.058	160.222	144.077
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	39.960	28.534	30.775	24.820	8.974
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	65.236	102.029	51.979	-43.533	64.063
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	4.904	4.024	3.152	2.859	2.404
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	250.329	297.567	249.111	89.009	196.761
Lífeyrisbyrði					
Lífeyrisbyrði	17,4%	12,5%	13,3%	15,5%	6,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	2,1%	1,8%	1,4%	1,8%	1,7%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna					
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	5,4%	10,5%	7,0%	-7,0%	12,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,41%	0,41%	0,42%	0,46%	0,46%

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stapi lífeyrissjóður telst til eininga tengdum almannahagsmunum, sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga og getur því í skýrslu stjórnar upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif sjóðsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál í samræmi við gr. 66. d sömu laga. Jafnframt er gert grein fyrir stefnu sjóðsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.

Viðskiptalíkan

Stapi lífeyrissjóður er lífeyrissjóður fyrir launamenn á almennum vinnumarkaði á svæðinu frá Hornafirði til Hrítafjarðar. Hjá sjóðnum starfa 23 starfsmenn á starfsstöðvum á Akureyri og í Neskaupstað. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullt starfsleyfi. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir. Þannig móttækur sjóðurinn iðgjöld sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út eftirlaun, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Sjóðurinn er meðvitaður um að mestu áhrif lífeyrissjóðs eru í gegnum fjárfestingar og lánastarfsemi og því hefur sjóðurinn sett fram stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem tekur á þeim þáttum. Hins vegar er mikilvægt að sjóðurinn sýni gott fordæmi í eigin starfsemi og láti gott af sér leiða fyrir umhverfið, samfélagið, sjóðfélaga, aðra hagaðila og fyrir starfsfólk sjóðsins. Með hliðsjón af þessu hefur Stapa sett sér sjálfbærnistefnu sem tekur á rekstri lífeyrissjóðsins þar sem horft er til UFS viðmiða Nasdaq um umhverfismál, félagslegra þátta og stjórnarháttá (UFS) auk þess að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Umhverfismál

Í sjálfbærnistefnu Stapa koma fram þau heimsmarkmið sameinuðu þjónanna sjóðurinn horfir til við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af rekstri sjóðsins:

Heimsmarkmið	Lýsing á heimsmarkmiði	Aðgerðir 2026
	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	- Auka vitund starfsfólks um kolefnisspor sjóðsins. - Beina innkaupum sjóðsins að loftslagsvænum vörum. - Veita samgöngustyrki fyrir bíllausan máta.
	Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð	- Lágmarka sóun og stuðla að sjálfbærum starfsháttum á öllum rekstrarsviðum. - Flokka úrgang á vinnustað og farga honum á umhverfisvænan hátt. - Hvetja til vistvænna innkaupa og á aðföngum og draga úr notkun einnota umbúða.

Stapi starfar ekki samkvæmt formlegri umhverfisstefnu, stefnum fyrir úrgang, vatn, orku eða endurvinnslu. Þá notast sjóðurinn ekki við viðurkennt orkustjórnunarkerfi. Öll raforka sem sjóðurinn notar er framleidd á Íslandi.

		2025	2024
Orkunotkun			
Umfang 1	Kwh	22.128	21.932
Orkukræfni			
- pr. stöðugildi	Kwh/stöðugildi	1.059	1.091
- pr. heildareignir	Kwh/hrein eign til greiðslu lífeyri (ma.kr.)	48	51
- pr. fermeter	Kwh/fermetrar	34	34

		2025	2024
Vatnsnotkun			
Heitt vatn	m ³	1.295	1.646

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Sjóðurinn flokkar sorp sem fellur til í starfsemi hans og kemur til endurvinnslu. Lögð er áhersla á að lágmarka og flokka úrgang sem fellur til í starfsemi sjóðsins. Það er stefna sjóðsins að skjalaumsýsla hans færist í auknum mæli í rafrænt form til að auka öryggi upplýsingaeigna og draga úr pappírnotkun. Við endurnýjun tækjabúnaðar sjóðsins er horft til þess að minnka bæði beina og óbeina orkunotkun. Sjóðurinn notast við miðlæga aðgangsstýrða prentlausn með það að markmiði að draga úr pappírnotkun sjóðsins. Þá miðar sjóðurinn að því að koma raftækjum sem ekki eru lengur í notkun sjóðsins í endur nýtingu eða endurvinnslu.

Sem fjárfestir ætlast sjóðurinn til að fyrirtæki sem sjóðurinn á eignarhlut í fari að lögum og reglum um umhverfismál og geri sér grein fyrir, stýri og eftir föngum dragi úr þeim áhrifum sem viðkomandi starfsemi hefur á umhverfið. Á árinu 2021 gerðist sjóðurinn aðili að Climate Investment Coalition (CIC) sem er samstarf á sviði fjárfestinga í grænum eignum. Í tengslum við aðild að samkomulaginu hefur sjóðurinn sett sér markmið um að grænar eignir verði 7% af eignasafni sjóðsins árið 2030. Stapi greinir því og mælir hlutfall grænna eigna í eignasafni sjóðsins hverju sinni.

		2025	2024
Climate Investment Coalition			
Grænar fjárfestingar	Hlutfall heildareigna	5,0%	4,7%

Félagsmál

Áhrif og ábyrgð sjóðsins í samfélagsmálum birtist í tveimur meginþáttum í starfsemi hans. Annars vegar er um að ræða ábyrgð sjóðsins á að greiða sjóðfélögum sínum lífeyri og hins vegar í fjárfestingarstarfsemi hans.

Hlutverki sínu við að greiða sjóðfélögum lífeyri sinnir sjóðurinn skv. samþykktum sjóðsins, siðareglum og öðrum skjalfestum reglum sjóðsins. Sjóðurinn hefur sett sér persónuverndarstefnu og persónuverndarfulltrúi starfar hjá sjóðnum.

Í tilviki fjárfestingarstarfsemi sjóðsins tilgreinir árlega fjárfestingarstefna sjóðsins markmið og afmarkanir fjárfestingarstefnu. Auk þess fjallar fjárfestingarstefna sjóðsins um siðferðisleg viðmið við fjárfestingar sjóðsins. Þá starfar sjóðurinn samkvæmt hluthafastefnu sjóðsins og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem tilgreina viðmið og væntingar sjóðsins til fyrirtækja í eignsafni hans og eignastýranda.

Stapi lífeyrissjóður var stofnaðili að IcelandSIF sem er sjálfstæður umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu og umræðu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrga fjárfestinga.

Sjóðurinn er ekki aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN Principles for Responsible Investments) en notar m.a. slíkar reglur til að meta erlenda eignastýrendur m.t.t. samfélagslegra þátta. Sjóðurinn skimar nýfjárfestingar m.t.t. aðild að UN PRI, greinir og mælir árangur í eignasafni sjóðsins m.t.t. UN PRI. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2024 er nánari umfjöllun um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum sjóðsins.

	2025	2024
Hlutfall erlendra eigna stýrt af aðilum sem eru undirritunaraðilar UN PRI		
Erlendar eignir samtals	99%	99%
Erlend skuldabréf	100%	100%
Erlend hlutabréf – skráð	100%	100%
Erlend hlutabréf – óskráð	100%	100%
Sérhæfðar erlendar eignir	96%	96%

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Starfsmannamál

Stapi leggur áherslu á að stuðla að velferð starfsfólks og að tryggja heilnæmt starfsumhverfi. Stapi leggur áherslu á sýna gott fordæmi í rekstri sjóðsins í samræmi við markmið með því að tryggja velferð starfsfólks s.s. með viðeigandi stefnum og viðbragðsáætlunum í öryggis-, jafnréttis- og félagsmálum. Með fyrirbyggjandi aðgerðum, forvörnum og fræðslu vill sjóðurinn sporna gegn mismunum og koma í veg fyrir einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi. Sjóðurinn hefur sett sér eftirfarandi markmið og aðgerðir á þessu sviði:

Heimsmarkmið	Lýsing á heimsmarkmiði	Aðgerðir 2026
	Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað	• Leggja ríka áherslu á jafnréttismál er viðkemur starfsfólki, ráðningum og stjórn. • Leggja áherslu á jöfn laun óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, uppruna eða öðrum þáttum er geta á einhvern hátt mismunað fólki. • Uppfylla skilyrði jafnlaunavottunar. Fagna fjölbreytileika fólks sama hvort um ræðir starfsfólk eða samfélagið í heild. • Setja fram aðgerðaáætlun gegn hvers konar einelti, áreitni og ofbeldi gegn starfsfólki, sjóðfélögum og öðrum hagaðilum og mun tryggja að hún sé aðgengileg framangreindum aðilum. • Tryggja að mannréttindi séu virt í rekstri sjóðsins.
	Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar	• Huga að velferð og heilsu starfsfólks. • Stuðla að heilsu og öryggi starfsfólks og hvetja starfsfólk til heilsueflingar t.d. með því að bjóða uppá líkamsræktarstyrki og árlegar heilsufarsmælingar.

Stjórn Stapa hefur samþykkt starfsmannastefnu fyrir sjóðinn. Þar kemur fram að Stapi leggi áherslu á starfsánægju, gott starfsumhverfi, markvissa fræðslu og þjálfun. Stefnan tiltekur einnig að starfsmenn sjóðsins eru metnir að verðleikum, óháð kynferði, aldri, þjóðerni eða trú. Það er markmið sjóðsins að allir starfsmenn njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til starfa, launa, umbunar, starfsþjálfunar og aðstöðu. Sjóðurinn hefur sett sérstaka stefnu og áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreiti, ofbeldi og annarri tilhlýðilegri háttsemi.

Stapi leitast við að hafa starfsumhverfi, tæki og aðbúnað með bestum hætti á hverjum tíma og tryggja öryggi starfsfólks í vinnu. Sjóðurinn metur reglulega þörf á endurnýjun búnaðar og aðstöðu starfsfólks. Stefna Stapa er að stuðla að heilsusamlegu líferni starfsfólks, bæði andlegu og líkamlegu og styrkir starfsfólk til líkamsræktar með niðurgreiðslu kostnaðar.

	2025	2024
Launahlutfall		
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á móti miðgildi launa	2,45:1	2,66:1
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra á móti meðaltali launa	2,00:1	2,03:1
Starfsmannavelta		
Hlutfall starfsmanna sem láta af störfum á árinu	5%	5%
Kynjahlutfall starfsmanna		
Hlutfall kvenna af heildarfjölda starfsmanna	70%	68%
Hlutfall karla af heildarfjölda starfsmanna	30%	32%

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Kynjahlutfall stjórnar		
Hlutfall kvenna í stjórn	50%	50%
Hlutfall karla í stjórn	50%	50%

Mannréttindamál

Stefna sjóðsins í mannréttindamálum er að allar manneskur fái notið mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigð, litarháttar, þjóðerni, trúarskoðunum, búsetu og efnahag. Stjórn og starfsmenn leggja áherslu á jafnræði við afgreiðslu mála og að mismuna ekki.

Sem fjárfestir ætlast sjóðurinn til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn á eignahlut í grípi til ráðstafana til að tryggja að starfsemi þeirra eða viðskipti brjóti ekki í bága við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi og að þau stundi ekki viðskipti við aðila sem stunda mannréttindabrot. Þá ætlast sjóðurinn til að félög í eignasafni hans móti sér stefnu í mannréttindamálum, miðli henni og veiti leiðbeiningar til starfsmanna sinna, samstarfsaðila og birgja ef félagið er með starfsemi eða viðskipti í löndum þar sem mannréttindi eru ekki virt að mati viðurkenndra alþjóðastofnana.

Varnir gegn spillingar- og mútumálum

Stapi er eftirlitsskyldur aðili og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Stjórn Stapa leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að þróa þá stöðugt og styrkja í samræmi við ofangreind markmið. Stapi einsetur sér jafnframt að stjórnarhættir samræmist þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Með góðum stjórnarháttum leggur Stapi grunn að traustum samskiptum stjórnenda, starfsfólks, sjóðsfélaga og annarra hags munaaðila, og stuðlar að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun sjóðsins. Stjórn hefur sett starfsreglur sem ramma inn stjórnarhætti sjóðsins.

Sem liður í því, hefur Stapi einsett sér að leggja áherslu á eftirfarandi markmið og aðgerðir:

Heimsmarkmið	Lýsing á heimsmarkmiði	Aðgerðir 2026
	Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnarnir fyrir alla.	• Leggja áherslu á gagnsæi og setja stefnur, reglur og verklag til þess að tryggja eftirfylgni við þau lög og reglur sem gilda um starfsemi Stapa. • Þróa frekar verklag út frá netöryggi og öryggi gagna í samræmi við áhættustefnu og persónuverndarstefnu.
	Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.	• Skerpa enn frekar á áherslum Stapa þegar kemur að því að viðhalda góðu viðskiptasiðferði, huga að innra eftirliti, almennum stjórnarháttum og huga að réttindum sjóðsfélaga. • Þróa frekar ferla út frá stefnu um vernd uppljóstrara og aðgerðir gegn spillingu og mútum. • Þróa siðareglur fyrir birgja.

Í því skyni að stuðla að góðum stjórnarháttum og sporna við spillingar- og mútumálum í tengslum við starfsemi sjóðsins er m.a. byggt á eftirfarandi:

- Siðareglur
- Starfsreglur stjórnar
- Reglur um vernd uppljóstrara
- Stefna og reglur um varnir gegn peningabætti auk áreiðanleika- og úrtakskannanna
- Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna og starfsmanna

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, frh.:

Stjórn sjóðsins hefur skipað ábyrgðarmann varna gegn peningabætti og regluvörð sem ásamt áhættustjóra sinnir m.a. eftirliti með spillingaráhættu og hlítingu við framangreind skjöl.

Stapi hefur skilgreint verklag vegna innri og ytri uppljóstrana og kynnt starfsmönnum til að auka líkur á að greina misferli sem gæti komið upp í starfsemi sjóðsins.

Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Markmið Stapa skv. samþykktum er að veita sjóðfélögum að lágmarki þá tryggingarvernd sem tilgreind er í III. kafla laga 129/1997. Stjórn sjóðsins hefur skilgreint neðangreind gildi sem starfsmenn og stjórn skulu hafa að leiðarljósi í störfum sínum fyrir sjóðinn;

- Traust – Við erum traustsins verð í öllum vinnubrögðum og sjóðfélagar trúa því og treysta að hjá Stapa er vel farið með eignir og réttindi sjóðfélaga.
- Fagmennska – Við ástundum fagleg vinnubrögð og tryggjum þannig vönduð vinnubrögð og minnkum líkur á mistökum.
- Frumkvæði – Við sýnum frumkvæði þar sem það á við, erum óhrædd að feta nýjar slóðir ef við teljum það í hag sjóðfélaga.
- Ábyrgð – Við sýnum ábyrgð í okkar vinnubrögðum svo að sjóðfélagar geti gengið að eftirlaunum sínum vísum þegar að starfsævi líkur.
- Metnaður – Við sýnum metnað til að ná árangri í starfi, hvort sem um er að ræða þjónustu við sjóðfélaga eða árangur í ávöxtun eigna.

Stjórnarhættir Stapa lífeyrissjóðs 2025

Góðir stjórnarhættir eru forsenda þess að starfsemi Stapa lífeyrissjóðs sé árangursrík og að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Með góðum stjórnarháttum vill sjóðurinn leggja grunn að vönduðum og faglegum vinnubrögðum og góðum og uppbyggilegum samskiptum. Þannig er stuðlað að trausti í samskiptum stjórnenda og starfsmanna við sjóðfélaga, launagreiðendur, viðskiptamenn og aðra þá sem samskipti eiga við sjóðinn. Hluti af góðum stjórnarháttum er að stefna að því að þjónusta sjóðsins sé ávallt til fyrirmyndar, hann ráði yfir öflugri upplýsingatækni og stuðli að gagnsæi í starfsemi sinni með því að veita góðar og áreiðanlegar upplýsingar.

Stjórnarháttayfirlýsing Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2025 byggist á lögum og reglum sem um sjóðinn gilda þegar á ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Í því sambandi er einkum horft til ákvæða laga nr. 3/2006 sem snúa að upplýsingagjöf eininga tengdum almannahagsmunum, laga nr. 129/1997 er varðar stjórnarhætti og reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 335/2015 er varðar stjórnarháttayfirlýsingu. Þá fylgir sjóðurinn 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins árið 2021 að svo miklu leyti sem þær eiga við um starfsemi lífeyrissjóða.

Hlutverk Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá 16 ára til 70 ára aldurs. Þessari skyldutryggingu lífeyrisréttinda er ætlað að veita lágmarkstryggingavernd á þeim tímabilum ævinnar, þegar launatekna nýtur ekki við. Auk þessa gera lögin ráð fyrir því að einstaklingar geti safnað séreignarsparnaði til að stuðla að meiri sveigjanleika við starfslok eða rýmri fjárráðum á eftirlaunaárum. Markmið laganna er að stuðla að tryggari fjárhagslegri framtíð starfandi fólks með því að byggja upp lífeyrisréttindi á starfsævinni. Stapi lífeyrissjóður er deildaskiptur sjóður, sem bæði veitir skyldutryggingu og býður upp á viðbótarlífeyrissparnað. Tryggingadeild sjóðsins sinnir skyldutryggingu lífeyrisréttinda og séreignardeildir hans bjóða upp á mismunandi sparnaðarleiðir í séreignarsparnaði.

Hlutverk Stapa er að stuðla að fjárhagslegu öryggi sjóðfélaga sinna, maka þeirra og barna. Það er gert með því tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, þegar þeir láta af störfum að lokinni starfsævi eða verða fyrir áföllum vegna fráfalls eða skertrar starfsorku. Starfsemin felur í sér að taka við iðgjöldum frá sjóðfélögum, ávaxta þau og endurgreiða í formi lífeyris.

Lög og reglur um stjórnarhætti sem Stapi lífeyrissjóður fylgir

Stapi lífeyrissjóður starfar samkvæmt starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu. Sjóðurinn starfar eftir lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Stapi er eftirlitsskyldur aðili í samræmi við lög nr. 87/1998 um eftirlit með fjármálastarfsemi. Ýmis önnur lög taka til þátta í rekstri sjóðsins, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt lögum, sem og reglur og leiðbeinandi tilmæli sem Fjármálaeftirlitið hefur sett um starfsemi lífeyrissjóða.

Þessu til viðbótar hefur sjóðurinn sett sér reglur til að sinna hlutverki sínu sem best, s.s. starfsreglur stjórnar, skilgreiningu á óvenjulegum og mikilsháttar ráðstöfunum, reglur um lykilstarfsmenn, verklagsreglur um verðbréfaviðskipti, siðareglur, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga, reglur um fjárfestingarráð og heimildir þess og samskipti við framkvæmdastjóra og stjórn, reglur um endurskoðunarnefnd, reglur um varnir gegn peningabætti, auk fleiri reglna sem taka til einstakra þátta í starfsemi sjóðsins. Yfirlit yfir reglur um starfsemi sjóðsins má finna á heimasíðu Stapa.

Hlutverk stjórnar og skipulag Stapa lífeyrissjóðs

Samkvæmt lögum ber stjórn Stapa lífeyrissjóðs ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Hún skal móta fjárfestingarstefnu, móta innra eftirlit, skjalfesta eftirlitsferla og móta eftirlitskerfi sem gera sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

samkvæmt heimild frá stjórn. Hlutverk stjórnar er að kynna sér, gera sér grein fyrir og móta stefnu um þá áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins, þ.m.t. að setja henni ásættanleg mörk. Hluti þeirrar vinnu felst í að móta sérstaka áhættustefnu, vinna að framkvæmd eigin áhættumats og móta fjárfestingarstefnu, sem skilað er inn til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands árlega.

Stjórn Stapa er kjörin á ársfundi hans og er hún skipuð átta einstaklingum og skulu kynjahlutföll vera jöfn. Kjörnir eru fjórir varamenn og gilda sömu reglur um þá. Stjórn skipar endurskoðunarnefnd, sem í eiga sæti þrír einstaklingar, og regluvörð. Stjórn sjóðsins fundaði 14 sinnum á árinu. Í tveimur tilvikum þurfti að kalla til varamann vegna forfalla stjórnarmanna. Endurskoðunarnefnd fundaði sjö sinnum á árinu 2025 og mættu allir nefndarmenn á alla fundi nefndarinnar. Starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar og skipurit sjóðsins má nálgast á heimasíðu Stapa.

Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum og skal fylgjast með virkni þess. Stjórnin skal móta og samþykkja áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt.

Stjórnin hefur skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við ákvæði 108. gr. laga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðunar og áhættustýringar, eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis, fyrir sjóðinn. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögur til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki. Endurskoðunarnefnd fundar reglulega með innri endurskoðanda, áhættustjóra og eftir atvikum öðrum starfsmönnum sjóðsins og skilar um það skýrslum til stjórnar.

Auk stjórnendaftirlits og eftirlits áhættustjóra hefur stjórnin ráðið innri endurskoðanda sem starfar skv. lögum nr. 129/1997 og reglum nr. 687/2001 um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innri endurskoðandi sjóðsins er PwC. Innri endurskoðandi framkvæmir eftirlitsaðgerðir reglulega og skilar um það skýrslum til stjórnar. Innri endurskoðandi starfar í nánú samstarfi við endurskoðunarnefnd og áhættustjóra.

Hjá sjóðnum starfar áhættustjóri, sem heyrir beint undir framkvæmdastjóra og hefur milliliðalausan aðgang að stjórn. Áhættustjóri hefur umsjón með allri áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum, þ.m.t. áhættuflokkun og skipulagi áhættustýringar og skal sjá til þess að stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd hafi sem bestar upplýsingar um alla áhættustýringu og áhættustig, miðað við stefnu og samþykkt verklag. Áhættustjóri hefur yfirumsjón með mótun áhættustefnu, áhættustýringarstefnu, eigin áhættumati og gerð áhættuáætlunar í samráði við framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og fjárfestingarráð. Áhættustefna og eigið áhættumat er lagt fyrir stjórn til samþykktar.

Lögfræðingur sjóðsins sinnir starfi regluvarðar í samræmi við verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti og heyrir sem slíkur beint undir stjórn. Öll víðskipti starfsmanna og stjórnar, sem eru tilkynningarskyld, skulu tilkynnt til regluvarðar og hefur hann heimildir til að kalla eftir upplýsingum um víðskipti sjóðsins og úr skattframtölum starfs- og stjórnarmanna. Regluvörður gefur innri endurskoðanda reglulega skýrslu um störf sín, sem síðan eru tilgreind í skýrslu endurskoðanda til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Stjórn sjóðsins skipar ábyrgðarmann vegna aðgerða gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaður annast framkvæmd reglna um málaflokkinn og annast samskipti við þar til bær yfirvöld vegna þessa málaflokks. Ábyrgðarmaður skal einnig sjá til þess að innleiddar séu stefnur, reglur og verkferlar sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd aðgerða gegn peningapvættis og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Stapa.

Hlítning við lög og reglur

Ekki komu fram athugasemdir frá eftirlitsaðilum á árinu 2025 um brot á lögum eða reglum sem höfðu í för með sér viðurlög.

Fjárfestingarstefna og áhættustefna

Stjórn Stapa hefur mótað fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn. Fjárfestingarstefnan lýsir stefnu við fjárfestingar og ávöxtun fjár sjóðfélaga. Þarf hún að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Fjárfestingarstefna tekur til fjölmargra atriða sem hafa þarf í huga við fjárfestingar. Hún lýsir þeim viðhorfum sem sjóðurinn hefur til fjárfestinga, hvernig fjárfestingarstefna er mótuð, hvert skipulag fjárfestingarstarfseminnar er, hver ávöxtunarmarkmið sjóðsins eru, hvert viðhorf sjóðsins er til áhættu og skilgreinir áhættuþol hans og markmið um áhættutöku. Stefnan skilgreinir í hvaða eignaflokkum sjóðurinn fjárfestir, hvernig eignasöfn eru sett saman, hver lausafjárþörf sjóðsins er til að mæta útgreiðslum, hvaða viðhorf eru til ríkjandi markaðsaðstæðna og hvernig eftirfylgni og upplýsingagjöf er háttað. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn hefur mótað áhættustefnu og sett sjóðnum eftirlits- og hlítungarskrá. Í þessum reglum er að finna lýsingu á skipulagi sjóðsins, eignastýringu og fjárfestingarstarfsemi, eftirliti og hvernig áhættustýringu sjóðsins og innra eftirliti er háttað, þ.m.t. aðgerðum til að tryggja að starfsemi sjóðsins hlíti þeim lögum og reglum sem um hann eru settar. Í áhættustefnu er öllum helstu áhættuþáttum í rekstri sjóðsins lýst, sem og þeim aðferðum sem hann beitir við að bera kennsl á, mæla og stýra þessum áhættuþáttum. Þar er skilgreind dagskrá um hvenær tiltekin aðgerð skuli framkvæmd, hver ber ábyrgð á framkvæmdinni og hver framkvæmir. Stjórn fær regluleg yfirlit og skýrslur um áhættu sjóðsins, niðurstöðu áhættumælinga og framkvæmd áhættustýringar, auk skýrslna um hlítungu við lög, reglur og stefnu, sem gerir henni kleift að hafa eftirlit með og meta árangur af gildandi áhættustefnu og skilvirkni áhættustýringarinnar. Þá framkvæmir Stapi eigið áhættumat í samræmi við ákvæði reglugerðar 590/2017. Nánari upplýsingar um áhættustefnu Stapa lífeyrissjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Samskipti við sjóðfélaga

Stapi hefur sett sér reglur um samskipti við sjóðfélaga. Sjóðurinn sendir sjóðfélögum yfirlit um réttindi sín tvisvar á ári og býður auk þess upp á sjóðfélagavef, þar sem hægt er að fá upplýsingar um lífeyrisséttindi hjá sjóðnum, auk upplýsinga um iðgjaldaskil og aðgang að rafrænum skjölum. Þar er einnig að finna reiknivélar, sem reikna út lífeyri miðað við núverandi og væntanleg réttindi sem og greiðslubyrði lána. Nýjum sjóðfélögum eru veittar upplýsingar um helstu réttindi sem ávinnast við greiðslu iðgjalda ásamt upplýsingum um skipulag og stefnu lífeyrissjóðsins. Þá heldur sjóðurinn úti öflugri heimasíðu, þar sem finna má margháttaðar upplýsingar um sjóðinn og hagsmuni og réttindi sjóðfélaga, þar á meðal hvernig bera á sig að við að sækja um lífeyri o.fl.

Stefna um fjölbreytileika stjórnar og lykilstarfsmanna

Stapi hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar og lykilstarfsmanna sjóðsins með tilliti til þátta á borð við aldur, kyn eða menntunarlegan og faglegan bakgrunn. Í 4. mgr. 29. gr. laga 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og rekstur lífeyrissjóða kemur fram að þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skuli tryggt að hlutfall hvors kyns verði ekki lægra en 40%. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal fulltrúaráð sjóðsins staðfesta tilnefningu aðildarfélaga í stjórn. Í samþykktum er einnig tilgreint að stjórnarmenn skuli búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þá er kveðið á um í starfsmannastefnu að Stapi leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt, áreiðanlegt og metnaðarfullt starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn og góða menntun. Við ráðningar er horft til menntunar, þekkingar, reynslu og hæfni. Þá skal gætt jafnræðis hvað varðar kyn, þjóðerni, trú og aldur. Aukinheldur er horft til persónueinkenna því starfsmenn sjóðsins þurfa að falla að þeirri menningu sem sjóðurinn sækist eftir.

Í stjórn sjóðsins sitja nú fjórar konur og fjórir karlar. Fjórir af sex skilgreindum lykilstarfsmönnum sjóðsins eru karlar.

Helstu niðurstöður árangursmats stjórnar

Árangursmat stjórnar var framkvæmt á árinu 2025 með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa. Niðurstöður árangursmats stjórnar er að samstarf stjórnarmanna gangi vel og allir stjórnarmenn hafi tækifæri og vilja til að tjá skoðun sína á stjórnarfundum. Upplýsingar fyrir stjórnarfundum berist tímanlega sem er forsenda upplýstrar ákvörðunartöku stjórnar. Stjórnarmenn hafa breiða og ólíka reynslu úr atvinnulífinu og meirihluti stjórnarmanna

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

hefur langa og fjölbreytta reynslu á sviði fjármála, stjórnunar eða framkvæmd kjarasamninga sem gagnast í stjórnarstörfum. Mikilvægt er að móttaka nýrra stjórnarmanna verði áfram öflug og hugað að samfelli þekkingar við kjör stjórnar hverju sinni. Sérstök áhersla var lögð á að koma á markvissri fræðsluáætlun út frá mati stjórnar á eigin þekkingu og efla og formfesta endurgjöf til stjórnenda sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Upplýsingar um stjórnarmenn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjóra:

Stjórn:

Björn Snæbjörnsson, fæddur 1953. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2023. Björn er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Gagnfræðingur frá Laugaskóla
- Starf: Ellilífeyrisþegi
- Önnur trúnaðarstörf: Formaður Landsambands eldri borgara, stjórnarmaður í Landssambandi eldri Framsóknarmanna, varaformaður Félags eldri borgara á Akureyri.

Elín Hjálmsdóttir, fædd 1972. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2024. Elín er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Viðskiptafræðingur, MBA frá Háskólanum í Reykjavík
- Starf: Mannauðs- og gæðastjóri Hörpu ohf.
- Önnur trúnaðarstörf: Engin

Elsa Björg Pétursson, fædd 1979. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörin aðalmaður á ársfundi 2023. Elsa Björg er óháð Stapa lífeyrissjóði

- Menntun: Viðskiptafræðingur Bsc, próf í verðbréfavíðskiptum
- Starf: Fjármálastjóri Kaldbaks ehf.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða og stjórnarformaður Slippsins Akureyri ehf.

Guðný Hrund Karlsdóttir, fædd 1971. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörin aðalmaður á ársfundi 2022. Guðný Hrund er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Cand. Oecon frá Háskóla Íslands í viðskiptafræðum, sérsvið fjármál. MA frá Háskólanum á Akureyri í Fjölmíðla- og boðskiptafræðum
- Starf: Sérfræðingur hjá Tvíhliða bókhaldi ehf.
- Önnur trúnaðarstörf: Engin

Kristinn Kristófersson, fæddur 1967. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2023. Kristinn er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: BS í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst
- Starf: Fjármálastjóri FISK Seafood ehf.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Steinunn ehf., Kiddi Dóra ehf og Snæis hf., varamaður í stjórn Lundhöfða ehf.

Sigríður Dóra Sverrisdóttir, fædd 1959. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörin aðalmaður á ársfundi 2023. Sigríður Dóra er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Grunnskólanám og tveggja ára nám á uppeldisbraut Víghólaskóla í Kópavogi
- Starf: Húsmóðir
- Önnur trúnaðarstörf: Engin

Tryggvi Þór Haraldsson, fæddur 1956. Fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Kjörinn á ársfundi 2025. Tryggvi Þór er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: CSC í Rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands. Diploma í Viðurkenndir stjórnarmenn frá Academias
- Starf: Ráðgjafi hjá Rarik og fyrrum forstjóri

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

- Önnur trúnaðarstörf: Varamaður í stjórn Orkusölnunnar ehf. Fulltrúi í tilnefningarnefnd Haga hf. Formaður uppstillingarnefndar íslenska Orkuklasans

Pórarinn Sverrisson, fæddur 1962. Fulltrúi stéttarfélaga. Kjörinn aðalmaður á ársfundi 2024. Pórarinn er óháður Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri
- Starf: Formaður og framkvæmdastjóri Öldunnar stéttarfélags
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarformaður Farskóla Norðurlands vestra, stjórnarmaður í framkvæmdastjórn Starfsgreinasambands Íslands, fulltrúi í lífeyrisnefnd ASÍ

Endurskoðunarnefnd:

Ragna Hrund Hjartardóttir, fædd 1969. Ragna Hrund er óháð Stapa lífeyrissjóði.

- Menntun: Cand oecon frá Háskóla Íslands, sérsvið reikningshald og endurskoðun og löggiltur endurskoðandi
- Starf: Framkvæmdastjóri RH endurskoðun ehf.
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Naflanum ehf., SR eignarhaldsfélagi ehf., Hólmahestum ehf. og NPA umsýsluaðila, félagasamtökum

Guðný Hrund Karlsdóttir (sjá umfjöllun hér að framan)

Kristinn Kristófersson (sjá umfjöllun hér að framan)

Framkvæmdastjóri:

Jóhann Steinar Jóhannsson, fæddur 1982.

- Menntun: B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Lund í Svíþjóð
- Önnur trúnaðarstörf: Stjórnarmaður í Bakkastakk slhf., formaður stjórnar Reiknistofu lífeyrissjóða hf., situr í Hagsmuna- og fjárfestingaráði framtakssjóðsins TFII slhf. og situr í fastanefnd á vegum Landsamtaka lífeyrissjóða um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.